Outlook

## Fs: Erindi Vestmannaeyjahafnar – fjármögnun nýs dráttarbáts

**Frá** Dóra Björk Gunnarsdóttir <dora@vestmannaeyjar.is>
**Dagsetning** þri. 13. okt. 2026 13:53
**Til** arni.f.stefansson@irn.is <arni.f.stefansson@irn.is>
**Afrit** Íris Róbertsdóttir <Iris@vestmannaeyjar.is>; Bergþóra Þorkelsdóttir - VG <bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is>

4 viðhengi (2 MB)

2025-10-07 Hafnabótasjóður endurskoðun 2026-2030_greinargerð.pdf; Upplýsingar um YN510413 - ASD Tug 2111.pdf; Dráttarbátur í Vestmannaeyjum_LHG (002).pdf; Erindi Vestmannaeyjahafnar til innviðaráðherra-dráttarbátur.pdf;

Sæll Árni

Ég sendi erindi til ykkar i síðustu viku vegna endurnýjunar á dráttarbát fyrir Vestmannaeyjahöfn. Getur þú skoðað þetta fyrir mig og heyrt svo í okkur en eins og fram kemur höfum við bátinn frátekinn til 15/10 og þurfum að vera búin að hugsa næstu skref fyrir þann tíma.

Ég er ekki að ætlast til að það séu komnir peningar í verkefnið á þessum tíma heldur staðfesting á því hvort bátur fyrir Vestmannaeyjahöfn fari inn á endurskoðun á samgönguáætlun.

Endilega vertu í sambandi við annað hvort mig eða Írisi ef þig vantar frekari upplýsingar

Dóra Björk
Hafnarstjóri / Port Manager
+354-488-2545 / +354-891-8011

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 (http://www.althingi.is/altext/stjt/1999.107.html ) og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist yður. This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

---

**Frá:** Dóra Björk Gunnarsdóttir <dora@vestmannaeyjar.is>
**Sent:** fimmtudagur, 8. október 2026 11:57
**Til:** arni.f.stefansson@irn.is <arni.f.stefansson@irn.is>; ingilin.kristmannsdottir@irn.is <ingilin.kristmannsdottir@irn.is>
**Afrit:** drifa.sigurdardottir@dmr.is <drifa.sigurdardottir@dmr.is>; pall.winkel@dmr.is <pall.winkel@dmr.is>
**Efni:** Erindi Vestmannaeyjahafnar – fjármögnun nýs dráttarbáts

Góðan dag.

Meðfylgjandi er erindi Vestmannaeyjahafnar þar sem óskað er eftir staðfestingu á þátttöku ríkisins í fjármögnun nýs dráttarbáts og að verkefnið verði tekið inn við næstu endurskoðun samgönguáætlunar.

Þar sem báturinn er frátekinn fyrir höfnina til 15. október nk. er þess óskað að afstaða ráðherra liggi fyrir eins fljótt og kostur er.

Núverandi dráttar- og björgunarbátur, Lóðsinn, var tekinn í notkun árið 1998 og hefur þjónað hafnarsvæðinu afar vel. Á þessum 28 árum hafa þó orðið verulegar breytingar á starfsemi hafnarinnar. Umfang þjónustunnar hefur aukist mikið, ekki síst vegna uppbyggingar landeldis og stækkunar skipaflotans sem sækir höfnina heim.

Til samanburðar voru þau skip sem sinntu fraktflutningum um aldamótin um 90 metrar að lengd og um 3.000 brúttótonn. Í dag eru sambærileg skip allt að 140 metrar að lengd og um 9.000 brúttótonn. Í smíðum fyrir Eimskip eru nú 182 metra löng skip sem verða um 20.000 brúttótonn. Þrátt fyrir þessa þróun hefur dráttargeta hafnarinnar staðið nær óbreytt, en Lóðsinn hefur 27 tonna dráttargetu á meðan raunveruleg þörf er nú talin vera á bilinu 50-60 tonn.

Vestmannaeyjahöfn býr jafnframt við krefjandi aðstæður þar sem þröng innsigling, veðurfar við suðurströnd landsins og aukin stærð skipa gera ríkar kröfur til öryggis og þjónustugetu hafnarinnar. Öflugur dráttarbátur er því ekki aðeins hagsmunamál heldur mikilvægur þáttur í öryggi sjófarenda.

Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að frá upphafi hefur Lóðsinn ekki eingöngu gegnt hlutverki hafnsögu- og dráttarbáts fyrir höfnina heldur einnig verið lykilþáttur í öryggis- og björgunarstarfi. Báturinn hefur tekið þátt í aðstoð við skip í sjávarháska, leit og björgun og slökkvistörf. Endurnýjun bátsins snýst því ekki einungis um daglega hafnarþjónustu heldur einnig um að tryggja áframhaldandi viðbragðs- og björgunargetu í Vestmannaeyjum og á hafsvæðinu umhverfis eyjarnar.

Með erindinu fylgja minnisblað Landhelgisgæslu Íslands, greinargerð Vegagerðarinnar og upplýsingar um dráttarbátinn.

Við vonumst því til jákvæðrar afgreiðslu málsins og erum reiðubúin til að veita frekari upplýsingar eða kynna verkefnið nánar ef óskað er.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,
Dóra Björk
hafnarstjóri Vestmannaeyjahafnar